

ákærði þarmeð gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924. Gullgengi Íslenzkrar krónu er nú 23.594. Með tilliti til þess þykir refsing ákærða samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. áður tilvitnaðra laga, sbr. lög nr. 4/1924, hæfilega ákveðin 42.500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess ber að dæma ákærða, sem hinn 2. apríl 1947 sætti refsidómi fyrir sams konar brot, í 2 mánaða varðhald samkvæmt 5. gr. sömu laga.

Allur afli og veiðarfæri m/s Suðureyjar, Ve. 20, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber ákærða að greiða.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Arnoddur Gunnlaugsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði kr. 42.500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í m/s Suðurey, Ve. 20, skulu upptæk ger, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1951.

Nr. 3/1949.

**Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson)  
gegn

**Ísleifi Jónssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson  
og Einar Arnalds borgardómari í stað  
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.  
Jónatans Hallvarðssonar.

Verðlagsbrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir að úrskurður gekk í Hæstarétti í máli þessu 2. nóvember 1949, framkvæmdu 2 rannsóknarlögreglumenn birgða-

könnun hjá ákærða hinn 20. október 1950 að ákærða viðstöddum. Ákærði vísaði ekki á neinar sérstakar vörur, sem heyrðu til vörusendingum þeim, er mál þetta fjallar um, og lögreglumennirnir töldu sig ekki örugglega geta fundið neinar vörur úr sendingunum.

Þá hefur verðgæzlustjóri samkvæmt ósk héraðsdómara í bréfi 26. október 1950 gert nýjan verðútreikning á umræddum vörusendingum, og tekið þar tillit til þess, að 89406 frankar af kaupverði varanna voru greiddir með hinu herra gengi. Samkvæmt þeim verðútreikningi nemur sá hagnaður ákærða, sem verðlagsyfirvöld telja ólögmetan, krónum 45.662.71.

Með skírskotun til raka héraðsdóms verður að telja, að ákærði hafi gerzt sekur við lagaákvæði þau, er þar greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 50 daga, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 69. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, að gera upptækan til ríkissjóðs ólögmetan ágóða ákærða, er samkvæmt framansögðu nemur kr. 45.662.71.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa var í upphafi áfátt um það, að ekki var kannað rækilega, hvort ákærði hefði í vörzlum sínum óseldar birgðir af vörum þeim, sem málið fjallar um. Úrskurður um framhaldsrannsókn var kveðinn upp í Hæstarétti 2. nóvember 1949, og var hann sendur héraðsdómara með bréfi dómsmálaráðuneytisins 7. s. m. Héraðsdómari hófst þó ekki handa um framhaldsrannsókn fyrr en 7. febr. 1950, er ákærði var lauslega yfirheyrður. Síðan er ekkert aðhafzt í málinu fyrr en 20. okt. 1950, en þá fyrst er látin fara fram birgðakönnun sú, sem boðin er í úrskurði Hæstaréttar, en til könnunar var ekki valinn sérfróður maður um vöru þá, sem kanna átti. Hinn 26. október s. á. hlutast héraðsdómari til um það, að gerður sé nýr verðútreikningur, sbr. 2. tölulið í

nefndum úrskurði Hæstaréttar. Verður að víta harðlega þenna óhæfilega drátt og galla á rannsókninni.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ísleifur Jónsson, greiði kr. 8000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 50 daga, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 45.662.71.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 900.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 29. sept. 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 29. september, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómarar af fulltrúa hans Loga Einarssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 4600/1948: Valdstjórnin gegn Ísleifi Jónssyni, sem tekið var til dóms hinn 20. f. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ísleifi Jónssyni stórkaupmanni, Túngötu 41 hér í bæ, til refsingar, upptöku ólöglegs hagnaðar og greiðslu málskostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 37 31. desember 1947.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. apríl 1899 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1927 20/6 Sætt, sekt 100 kr. fyrir ólöglegan innflutning á hálm.

1927 16/8 Sætt, sekt 100 kr. fyrir sams konar brot.

1939 12/7 Sætt, 25 kr. sekt fyrir brot á reglugerð 9/3 1939, verðlagsákvæði.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Með bréfi, dagsettu 3. maí s.l., kærir verðlagsstjóri yfir of háu verðlagi á miðstöðvarofnum og miðstöðvarkötum, er ákærði flutti hingað til lands með e/s Horsa hinn 21. febrúar s.l. frá franska fyrirtækinu Compagnie Nationale des Radiateurs, en hinn 15. marz s.l. hafði ákærði sent verðlagseftirlitinu tvenna verðútreikninga yfir ofnana og katlana. Var innkaupsverð

samkvæmt öðrum verðútreikningnum talið 949089.60 frankar, en 711003.60 frankar samkvæmt hinum. Í verðútreikningum þessum var reiknað með gengi kr. 54.63 pr. 1000 franka, en það gengi var á frönskum franka, þar til hann féll í verði, er hann var skráður hér á landi af nýju 28. janúar s.l. á gengi kr. 30.35 pr. 1000 frankar.

Starfsmaður verðlagseftirlitsins, sem tók við verðútreikningum þessum og stimplaði þá, leit svo á, að ákærði hefði greitt með hinu eldra gengi frankans, kr. 54.63, en við endurskoðun kom í ljós, að samkvæmt tollreikningi var reiknað með gengi kr. 30.35 og að ákærði hafði greitt vörurnar í Landsbankanum 18. febrúar s.l. með hinu lægra gengi frankans. Ennfremur segir í bréfi verðlagsstjóra, að hefði ákærði selt vörurnar samkvæmt verðútreikningum hans, mundi ólöglegur ágóði hans hafa numið kr. 48.308.47.

Ákærði skýrir svo frá, að í júlí og nóvember 1947 hafi hann fest kaup á miðstöðvarofnunum og kötlunum og þá hafi gengi franska frankans verið kr. 54.63 pr. 1000 franka. Hinn 26. og 30. desember f. á. hafi vörurnar verið afhentar frá verksmiðjunni og verið fluttar hingað til lands um Antwerpen, þó hafi þær verið fyrr tilbúnar til flutnings, en sökum verkfalls í Frakklandi hafi dregið að senda þær fyrr. Kveðst ákærði hafa sett bankatryggingu (opnað rembours) í frönskum banka fyrir milligöngu Landsbankans til greiðslu innkaupsverðsins. Bankatryggingin hafi svo fallið úr gildi í s.l. janúarmánuði og eigi fengið endurnýjuð fyrr en um miðjan þann mánuð og greiðsla svo farið fram eftir 28. þess mánaðar, er gengi franska frankans hafi lækkað niður í kr. 30.35 pr. 1000 franka. Vörurnar hafi svo komið hingað til lands með e/s Horsa hinn 21. febrúar s.l. Síðar kveðst hann hafa reiknað út útsöluverð varanna með gengi kr. 54.63 pr. 1000 franka, enda talið sér það heimilt, en upp í greiðslu þessa gengu 89406.00 frankar á hærra genginu, en þeir voru umboðslaun, er ákærði átti inni hjá hinu franska fyrirtæki. Ekki hefur ákærði getað sagt um, hve mikið hann hafi selt af varningnum og fengið greiðslu á, en talsvert af varningnum kveðst hann hafa afhent, hve mikið hefur eigi verið hægt að upplýsa, þótt skoðaðar hafi verið vörubirgðir hans og bækur, en samkvæmt bréfi verðlagsstjóra er talið, að ákærði hafi selt gegn staðgreiðslu, án þess að hægt væri að leiðrétta verðið, ekki yfir 10% af öllu vörumagninu.

Í bréfi verðlagsstjóra, dagsettu 9. júní s.l., segir, að þegar gengislækkunin varð á franska frankanum s.l. vor, muni verð á flestum vörum, meðal annars á vörutegundum þeim, er ákærði flutti inn, hafa hækkað til samræmis við gengislækkunina, þannig að verð hér á landi á vörum frá Frakklandi muni nú vera eins eða líkt og það var fyrir gengisbreytinguna. Þar sem vörusendingin til ákærða var afgreidd í Frakklandi, áður en gengisbreytingin varð, en ekki greidd í banka fyrr en eftir gengisbreytinguna, leiði það, að verð varanna verði óeðlilega lágt, miðað við verð sams konar varnings fyrir og eftir gengisbreytinguna. Af þessum ástæðum og vegna þess, að ekki er unnt að ganga úr skugga um, hve mikill hluti varanna er seldur, telur verðlagsstjóri, að heppilegast sé að

ólöglegur ágóði allrar vörusendingarinnar verði látinn renna til ríkissjóðs, og hinn óseldi varningur yrði seldur á óbreyttu verði. Á þessa skoðun verðlagsstjóra verður þó eigi fallizt, enda ekki séð, að ríkissjóður eigi kröfu til þess hluta ágóðans, sem verðlagsstjóri telur ólöglegan, af vörum þeim, sem óseldar eru eða vitað kann að vera um kaupendur á.

Eins og fyrr greinir telur ákærði sig eigi hafa brotið verðlagslöggjöfina og byggir aðallega á því, að varan hafi eigi verið seld ósanngjörnu verði, en tilgangur nefndrar löggjafar sé að koma í veg fyrir, að varningur sé seldur óhóflega dýr. Þá hafi hann verið orðinn eigandi vörunnar, er hærra gengið gildi, og hefði gengisbreytingin orðið honum í óhag, þannig að gengi frankans hefði hækkað, frá því að kaup voru gerð og hann greitt vöruna, en hún seld samkvæmt lægra genginu, hefði slíkt gengistap lent á honum, en hvorki ríkissjóði né kaupendum.

Ekki þykir þó verða fallizt á þessi rök ákærða, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, þar sem segir meðal annars í 15. gr., að innflutnings- og gjaldeyrisdeild skuli í umboði Fjárhagsráðs og í samráði við það hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi, en deildin hafi bæði af sjálfisdáðum og að fyrirlagi Fjárhagsráðs eða ríkisstjórnar vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, en meðal annars segir í 16. gr., að verðlagsstjóri skuli gera tillögur til innflutnings- og gjaldeyrisdeildar um verðlagsákvæði og hafi á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt.

Samkvæmt þessu ber ákærða að miða verð miðstöðvarofnanna og miðstöðvarkatlanna eftir hinu lægra gengi franska frankans, kr. 30.35 pr. 1000 franka. Þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 37 31. desember 1947.

Eins og að framan greinir, hefur ekki verið unnt að ákveða, hver ólöglegur ágóði ákærða hefur verið.

Eftir atvikum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 40 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ísleifur Jónsson, greiði kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 40 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.